

Hverfisnefnd Naustahverfis

43. fundur, 2. okt. 2012

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:45

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson og Gísli Rúnar Magnússon.
Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.

1. Aðalfundur hverfisnefndar

Höldum hann 18. okt, ca. kl. 20-22. Ekki enn búið að ræða við hugsanlega gesti á fundinum. Stefnum enn að því að fá Helga í framkvæmdadeild til að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir í hverfinu á næstu árum og Eirík bæjarstjóra til að flytja smá erindi um sína sýn á hverfið. Kanna líka hvort mögulegt sé að kynna drög að deiliskipulagi næsta áfanga hverfisins.

Þurfum að útbúa auglýsingu og ganga með hana í hús um helgina eða strax í byrjun næstu viku svo fundurinn sé löglega boðaður. Auglýsum svo í Dagskránni miðvikudaginn fyrir fund.

Búið að fá skólann lánaðann.

Eitt sæti laust vegna þess að Heiðrún er flutt, auk þess eru Ómar og Bjarni á seinna ári kjörtímabils síns, en bjóða sig samt fram áfram.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Kosning stjórnar
- Erindi gesta
- Önnur mál

Bjarni flytur skýrslu stjórnar.

Gísli ritari

Hrafnhildur fundarstjóri

Bjarni reddar veitingum

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.